

GJALDSKRÁ

fyrir framkvæmdaleyfi og þjónustugjöld skipulagsfulltrúa Fjarðabyggðar.

1. gr.

Meginreglur

Gjaldskráin byggir á þeirri meginreglu að aðili sem óskar eftir breytingu á aðal- og/eða deiliskipulagi skuli greiða þann kostnað sem breytingin hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdráttá, breytinga á uppdráttum, auglýsinga og kynninga vegna málsins. Eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd getur ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.

Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyprar vinnu er verulega umfram viðmiðunargjald, vegna umfangs verksins er heimilt að leggja á til viðbótar tímagjald skipulagsfulltrúa sem er

10.000 kr./klst. eða gjald skv. reikningi.

Skilgreiningar.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður: kostnaður sveitarfélagsins við afgreiðslu umsóknar, birtingu auglýsinga og annarrar umsýslu.

Breytingarkostnaður: kostnaður sem fellur til innan sveitarfélagsins við gerð nýs deiliskipulags eða breytingar á gildandi aðal- eða deiliskipulagsuppdráttum.

1.1 *Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga:*

Breyting á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 36. gr., viðmiðunargjald, skv. skipulagslögum nr. 123/2010	120.000 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr.	120.000 kr.
Breyting á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 2. mgr. 36. gr., viðmiðunargjald	70.000 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr.	50.000 kr.

1.2 *Kostnaður vegna deiliskipulags:*

Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr.	aðkeypt vinna skv. reikn.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr.	120.000 kr.
Veruleg breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 1. mgr. 43. gr.	aðkeypt vinna skv. reikn.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna verulegra breytinga, sbr. 1. mgr. 43. gr.	120.000 kr.
Óveruleg breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 2. mgr. 43. gr.	aðkeypt vinna skv. reikn.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna óverulegra breytinga, sbr. 2. mgr. 43. gr.	50.000 kr.

1.3 *Kostnaður vegna grenndarkynningar:*

Grenndarkynning	12.000 kr.
-----------------	------------

1.4 *Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis:*

Framkvæmdaleyfi - framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, viðmiðunargjald	120.000 kr.
Framkvæmdaleyfi – aðrar framkvæmdir, viðmiðunargjald	50.000 kr.
Eftirlit umfram eina ferð, sem er innifalin í framkvæmdaleyfisgjaldi	12.000 kr.

2. gr.

Aðrar leyfisveitingar.

Umsýslugjald vegna lóðarúthlutunar	38.000 kr.
------------------------------------	------------

Nr. 1246

16. desember 2013

Stofnun lóða í dreifbýli	25.000 kr.
Útsetning lóðamarka að beiðni lóðahafa	27.000 kr.
Efnistöskuleyfi	27.000 kr.

3. gr.

Einingarverð og gildistaka.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari taka breytingum mánaðarlega í samræmi við breytingu byggingarvísitölu eins og hún var í október 2013. Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1099/2012.

Fjarðabyggð, 16. desember 2013.

Páll Björgvin Guðmundsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 7. janúar 2014